

Eftirfarandi var tekið fyrir á 79. fundi veitu- og hafnaráðs Dalvíkurbyggðar þann 17. október s.l.

Með rafpósti, sem dagsettur er 12. október 2018 barst erindi frá nefndasviði Alþingis þar sem eftirfarandi kom fram:

"Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 - 2023 , 172. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 26. október nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/149/s/0173.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls."

Fram kemur í ofangreindri tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 til 2023 á bls. 16 að Hafskipabryggja á Dalvík fái 79,7 millj. á næsta fjárhagsári og Hauganes, flotbryggja 7,3 millj. á árinu 2021. Einnig er gert ráð fyrir endurnýjun á stálþili Norðurgarðs á árinu 2022 og 2023, heildarframlag 95,0 millj.

„Veitu- og hafnaráð lýsir yfir ánægju sinni með framkomna tillögu sem snýr að hafnamannvirkjum í Dalvíkurbyggð, en vekur athygli á að uppi er ágreiningur um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs við hafnarframkvæmdir sem þegar er lokið, samanber erindi Dalvíkurbyggðar til samgönguráðs dagsett 12. september 2018.“

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Margrét Ásgeirsdóttir
Ritari og skjalastjóri
Dalvíkurbyggðar